

PCC Bakki Silicon hf.
Bakkavegur 2
640 Húsavík

Reykjavík, 1. júlí 2021
UST202102-241/H.E.
08.07.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 28.4.2021, hjá PCC Bakki Silicon hf.

Þann 28.4.2021 fór fram eftirlit í kísilverksmiðju PCC BakkaSilicon við Húsavík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun sbr. Bréf dags. 4. desember 2020 varðandi eldri frávik úr fyrra eftirliti 2020. Uppfæra þarf úrbótaáætlun vegna frávika sem komu fram í seinna eftirliti 2020 er varðar hreinsun lóðar og ráðstöfun framleiðsluúrgang í viðurkenndan farveg.

Einni ábendingu var komið á framfæri varðandi losun kælivatns í fráveitu. Fjögur ný frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.11 í starfsleyfi. Vegna mikils magns af framleiðsluryki og úrgangi á svæðinu eru niðurföll víða stífluð sem hindrar virkni ofanvatnsfráveitukerfisins.
2. Gr. 2.4 í starfsleyfi. Umgengni á lóð er verulega ábótavant en þar ægir saman framleiðsluúrgangi, ýmiskonar byggingarúrgangi, raflögnum, tunnum og annars konar blönduðum úrgangi.
3. Gr. 3.3 og 3.12 í starfsleyfi og reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.
4. Gr. 3.6 í starfsleyfi. Rekstraraðili tilkynnti til Umhverfisstofnunar um atvik þann 18. maí sl. þar sem að skammhlaup varð við hleðslu á ofninum með þeim afleiðingum að ofálag varð á hreinsivirki svo að síupokar rifnuðu og farið var yfir starfsleyfismörk er varða dagsmeðaltal ryks í útblæstri. Atvikið var rótargreint og brugðist við samkvæmt viðbragðsáætlun. Verklagsreglur við innmötun voru jafnframt endurskoðaðar í kjölfarið.

Umhverfisstofnun óskar í þessu sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 14.7.2021.

Virðingarfyllt

Halla Einarsdóttir

Gottskálk Friðgeirsson